




Ávarp forstjóra



Árið 2014 var eins og önnur í starfi Landspítala – viðburðaríkt, áhugavert, spennandi og á stundum nokkuð krefjandi.

Þetta var ár ebóla-undirbúnings, farómaura og myglu. Þetta var líka árið sem samstarfsmaður okkar var ákærður fyrir manndráp af gáleysi og árið sem lækna fóru í verkföll, á sama tíma og kollegar þeirra í Zimbabwe. En þetta var líka árið sem landsmenn slógu skjaldborg um spítalann, hjóluðu umhverfis landið fyrir C-aðgerðarboga, komu upp geðgjörgæslu, nýju hjartaþræðingartæki, línuhraðli

og söfnuðu fyrir aðgerðarþjarki. Þetta var líka árið sem starfsfólk Landspítala stóðst enn eitt álagsprófið og hélt starfsemi gangandi við erfiðar aðstæður. Síðast en ekki síst var þetta árið sem Alþingi ályktaði einróma um uppbyggingu Landspítala við Hringbraut.

Uppbygging er í auglýsni. Framundan er mikil vinna við lokahönnun nýs meðferðarkjarna en strax á næstu vikum er gert ráð fyrir að framkvæmdir vegna sjúklingahótelis á Landspítalalóð hefjist. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þessara miklu framkvæmda. Öryggi og aðbúnaður sjúklinga og starfsfólks til framtíðar veltur á því að vel takist til. Við leggjum því þunga áherslu á að fyrirliggjandi áætlanir gangi eftir án frekari tafa.

Meginhlutverk Landspítala er að veita landsmönnum örugga og góða heilbrigðisþjónustu. Við höfum síðustu misseri innleitt öryggis- og umbótamenningu sem byggir á aðferðarfræði straumlinustjórnunar. Þar miðar okkur vel og er Landspítali að mörgu leyti í fararbroddi í verkefnum sem lúta að því að tryggja öryggi sjúklinga. Ein áskorun er þó öðrum stærri og ráðum við ekki ein við hana. Sú

áskorun lýtur að þeim vaxandi hópi fólks sem ekki á afturkæmt í heimahús. Á ári hverju leita þúsundir landsmanna til Landspítala og eru aldraðir og langveikir eðli máls samkvæmt í miklum meirihluta. Megináskorun Landspítala við þessar aðstæður er að tryggja landsmönnum öllum aðgengi að þjónustunni á sama tíma og afar erfitt reynist að finna mörgum þeirra sjúklinga sem fullmeðhöndlaðir eru af hálfu spítalans viðeigandi aðbúnað, geti þeir ekki snúið heim. Þessi vandi var fyrirjáanlegur og er sívaxandi. Afleiðingin er sú að einstaklingar þurfa að liggja of lengi á Landspítala við ófullnægjandi aðstæður, aðrir sem þjónustuna þurfa komast ekki að og biðlistar hlaðast upp. Stóra málið hér er að þetta fólk fær ekki viðeigandi þjónustu og í því felst gríðarleg soun sem stuðlar að rekstrarvanda. Það er sameiginlegt verkefni og hagur landsmanna allra að leysa úr þessu og ættu allir að koma að því verkefni, stjórnvöld jafnt sem almenningur.


Í kjölfar efnahagshrunsins varð mikill samdráttur á Landspítala eins og allir vita. Engu að síður var það stefna spítalans að viðhalda framlögum til vísindastarfs. Hins vegar er ljóst að þar má gera betur ef duga skal. Sambærilegar stofnanir í nágrannalöndunum veita oft 2-3% til vísindastarfs af rekstrarfé sínu sem er miklu meira en á Landspítala. Áriðandi er að framlög til Landspítala taki mið af mikilvægi þess að fjármagna öflugt vísindastarf vegna þess að það er grundvöllurinn að framförum og þróun í meðferð sjúklinga. Landspítali á þar að vera fremstur meðal jafningja og það er von mín að breytingar séu framundan. Með öflugra vísindastefnu að vopni og skilning stjórnvalda á gildi vísindastarfs á háskólasjúkrahúsinu vona ég að 2015 verði árið þegar voraði í fjárveitingum til þessa mikilvæga málaflokks.

Apríl 2015


Páll Matthíasson forstjóri

Árangursvísar	Staðan 2014	Markmið 2014
Öruggur spítali		
Spítalasýkingar	7,3%	6,5%
Fylgni við verklagsreglur um handhreinsun	-	> 70%
Fjöldi skráðra lyfjaatvika á 1.000 legudaga	3	2
Hlutfall sjúklinga með áhættumat fyrir myndun þrýstingssára < 24 klst. frá innlögn	6%	10%
Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift	12%	11%
Hlutfall endurkomu á bráðamóttöku í Fossvogi innan 72 klst.	6%	5%
Góður vinnustaður		
Starfsánægja starfsmanna (á skala 1-5)	3,9	4,2
Veikindafjarvistir starfsmanna (með og án launa)	6,4%	< 6%
Starfsmannavelta	10%	10%
Hlutfall starfsmanna á samgöngustyrk	24%	> 30%
Fjöldi birtra greina í ritrýndum tímaritum (skv. gagnagrunni Scopus)	184	175
Skilvirkir verkferlar		
Meðallegutími í dögum (legur lengri en 6 mánuðir undanskildar)	7,5	< 7,0
Hlutfall sjúklinga sem leggjast inn frá bráðamóttökum innan 6 klst.	49%	> 60%
Hlutfall legusjúklinga sem útskrifast fyrir kl. 12:00	25%	> 33%
Gæði útskrifta skv. þjónustukönnun: Samráð við sjúkling (á skala 1-10)	7,2	7,6
Fjöldi starfseininga sem þróað hafa sýnilega árangursvísa	45	> 25
Ábyrgur rekstur (í milljónum króna)		
Rekstrarafkoma	-749,3	0
Sértekjur, miðað við áætlun	325,8	0
Vísindastyrkir (afilað utan LSH)	241,1	190
Endurvinnsluhlutfall sorps	24%	30%


Komur á bráðamóttökur




Meðallegutími sjúklinga í dögum




Fjöldi sjúklingadaga eftir hjúkrunarþyngdarflokkum á skalanum I til V þar sem V er mesta hjúkrunarþyngd




Fjöldi sjúklinga sem biður á LSH eftir vistunarúrræði utan spítalans




Stöðugildi og starfsmannafjöldi




Fjöldi nemenda á Landspítala



Rekstrarkostnaður



Starfsánægja starfsmanna skv. starfsumhverfiskönnun (á skala 1-5, þar sem 5 er jákvæðasta gildi)



Lykilverkefni

Umbætur á Landspítala byggjast meðal annars á því að vinna að lykilverkefnum sem framkvæmdastjórn ákveður formlega og styður. Listi yfir slík lykilverkefni sýnir glögggt hvaða verkefni hafa verið, eru eða verða í brennidepli:

2013 - 2014

Öruggur spítali - Fyrirbyggja lyfjaatvik
Mönnun í klínískri þjónustu
Landspítalinn og samfélagið
Endurnýjun húsnæðis
Skilvirkir verkferlar - Lean Healthcare
Stjórnskipulag og fjárheimildir

2014 - 2015

Lyfjaöryggi
Færniþjálfun starfsmanna
Mönnun heilbrigðisstétta
Bæta flæði sjúklinga

Það er eitthvað að ganga

Teknir voru upp samgöngustyrkir 1. maí 2014 fyrir starfsmenn Landspítala. Meginmarkmið styrkjanna er að vekja áhuga og hvetja starfsmenn til að nota heilsusamlegan, hagkvæman og umhverfisvænan samgöngumáta til og frá vinnu. Með því er átt við að ganga, hlaupa, hjóla eða taka strætó. Starfsmenn sem skrifa undir samgöngusamning skuldbinda sig til að nota slíka ferðamáta að minnsta kosti í 60% ferða. Styrknum var vel tekið og höfðu rúmlega 1.400 undirritað samning í ágúst, nærri þriðjungur allra starfsmanna. Í könnun á haustdögum meðal styrkþega sagðist helmingurinn (750) hafa breytt ferðamáta sínum til og frá vinnu.



**ÞAÐ ER EITTHVAÐ
AÐ GANGA**

Fyrirkomulag stofugangs endurskoðað

Lyflækningasvið réðst í það að endurskoða fyrirkomulag stofugangs og flettfunda með það fyrir augum að gera alla þá vinnu markvissari, skilvirkari og öruggari fyrir sjúklinga og starfsmenn. Afraksturinn er nýtt fyrirkomulag stofugangs sem kallast STREYMA. Inntakið í því er að unnið er eftir gátlistum og handriti þar sem skilgreint er hver stendur skil á hverju og hvenær gagnvart sjúklingi og samstarfsfólki. Þessi aðferð hefur verið tekin upp á fjórum deildum og lofar góðu. Fylgst er með nokkrum lykilyfnum til að meta árangur.

STREYMA er eitt af fjölmörgum umbótaverkefnum á Landspítala sem er unnið að eftir hugmyndafræði LEAN straumlinustjórnunar



Við þjónum öllum landsmönnum

- ★ Landspítali er háskólasjúkrahús sem veitir þjónustu í nær öllum viðurkenndum sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði, með áherslu á vísindarannsóknir, þróun og kennslu. Meðferð sjúklinga, kennsla og rannsóknir eru samþætt í daglegum störfum á sjúkrahúsinu.
- ★ Á hverju ári þarf nærri þriðjungur þjóðarinnar þjónustu Landspítala.
- ★ Að jafnaði eru um 600 manns innliggjandi. Stærstum hluta fólks er samt þjónað á göngu- eða dagdeildum án þess að komi til innlagnar.
- ★ Um þriðju af hverjum fjórum börnum sem fæðast á Íslandi koma í heiminn á Landspítala.

Við stundum öflugt umbótastarf

- ★ Unnið hefur verið að innleiðingu á aðferðarfræði straumlinustjórnunar (Lean Healthcare) á síðustu árum.
- ★ Öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar er til grundvallar í umbótastarfi.
- ★ Lögð er áhersla á virka þátttöku starfsmanna í umbótum á verkferlum, með stuðningi stjórnenda.
- ★ Mikil áhersla er á fræðslu og þjálfun í aðferðarfræði Lean og breytingastjórnun.
- ★ Lokið hefur verið við um 30 stærri ferlaverkefni og 60 vinnustofur.

Við njótum afþreyingar

- ★ Starfsmannafélagið stendur fyrir félagsstarfi af ýmsum toga, svo sem fjölskylduhátíð, Jónsmessugöngu og heilsdags fjölskylduferð út í náttúruna.
- ★ Starfsmannafélagið er með orlofshús bæði sunnan heiða og fyrir norðan sem eru vel nýtt.

Við erum fjölbreyttur hópur

- ★ Við höfum starfsfólk á heimsmaelikvarða.
- ★ Á spítalanum eru um 5.000 starfsmenn í 3.800 stöðugildum.
- ★ Löggildar heilbrigðisstéttir á Landspítala eru 21 að tölu, m.a. lífeindafræðingar, geislafræðingar, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar og læknar.
- ★ Á spítalanum starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga, t.d. tölvunarfræðingar, viðskiptafræðingar, hagfræðingar, lögfræðingar o.fl.
- ★ Hjúkrunarfræðingar eru langfjölmennasta starfsstéttin eða 30%, læknar eru 13% og sjúkraliðar 11%.
- ★ Stéttarfélag starfsmanna eru um 30 talsins.
- ★ Á Landspítala eru konur 80% starfsfólks.

Við erum umhverfisvæn

- ★ Í apríl 2015 afhenti umhverfis- og auðlindaráðherra Landspítala umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn fyrir starf að umhverfismálum á árinu 2014.
- ★ Frauðplastið er horfið úr matsölunum en í staðinn eru komin margnota matarbox og pappabox. Við þetta sporuðust rúmlega 70 þúsund frauðplastbox á ári eða um 90 Hallgrímskirkjuturnar, ef þeim væri staflað upp!
- ★ Starfsemi eldhúss - matsala er komin með Svansvottun sem staðfestir að hún uppfyllir strangar umhverfis- og gæðakröfur.
- ★ Reykjavíkurborg veitti Landspítala samgönguverðlaun fyrir starf í þágu vistvænna samgangna. Sú viðurkenning hélst í hendur við „Hjólaskálina“ sem Borgin færði spítalanum um leið fyrir hvatningu til hjólræiða starfsfólks. Borgarstjóri afhenti viðurkenningarnar í Ráðhúsinu 19. september við lok Evrópsku samgönguvikunnar.



Sungið í sjónvarpi

Starfsmannakór á Landspítala söng í þættinum Óskalög þjóðarinnar á RÚV. Söngurinn var tekinn upp í K-byggingunni á Landspítala Hringbraut 30. nóvember.

VINNUSTAÐUR

Við erum heilsueflandi vinnustaður

- ★ Á Landspítala er hvatt til heilsueflingar, m.a. í formi samgöngustyrks og ókeypis líkamsræktar og bólusetninga fyrir starfsmenn og nemendur í heilbrigðisgreinum.
- ★ Starfsmannafélag Landspítala er með heilsuræktarsamning við Hress, Hreyfingu og Sporthúsið sem margir nýta sér.
- ★ Um 500 starfsmenn Landspítala tóku þátt í Lífshlaupi Íþróttasambands Íslands árið 2014 og slógu með því þátttökumet.
- ★ Starfsmenn Landspítala taka virkan þátt í áttakinu „Hjólað í vinnuna“ í maí ár hvert. Landspítali veitir viðurkenningar fyrir þátttöku.
- ★ Hið árlega Landspítalahlaup var haldið í sjöunda sinn árið 2014. Starfsmannafélagið veitir viðurkenningar í einstaklings- og sveitakeppni.
- ★ Golfklúbburinn Borg stendur fyrir golfmótum og krýnir á hverju ári Golfmeistara Landspítala.
- ★ Margir starfsmenn Landspítala hlaupa í Reykjavíkumaraþoni og safna áheitum fyrir starfsemi spítalans auk annarra góðgerðarmála.
- ★ Starfsmenn taka þátt í Norrænu sjúkrahúsleikunum sem haldnir eru annað hvert ár. Mannauðsdeild undirbýr næstu leika sem verða í Reykjavík árið 2016.

Við erum ánægðari

- ★ Starfsumhverfiskönnun í febrúar 2015 sýndi aukna starfsánægju á Landspítala (svarhlutfall var 61% en 51% í könnun 2013).
- ★ Um 80% starfsmanna telja að á spítalanum sé hvatt til heilbrigðra lífshátta (54% 2013).
- ★ Ánægja starfsmanna með matsali Landspítala jókst um 50% frá 2013 til 2014, samkvæmt niðurstöðu þjónustukönnunar.

Nýbyggingar

Alþingi veitti á fjárlögum 945 milljónir króna til áframhaldandi undirbúnings nýbygginga á lóð Landspítala við Hringbraut. Hluti fjárans fer til framkvæmda við sjúklingahótel og drjúgur hluti til hönnunar meðferðarkjarna.

Sjúklingahótel

Fullnaðarhönnun sjúklingahótels var boðin út í maí 2014. Samið var við hóp hönnuða sem hafa unnið ötullega að hönnun hússins með notendahópi Landspítala. Hönnun sjúklingahótelsins er að ljúka og stefnt að útboði jarðvinnuframkvæmda í apríl 2015 og útboði byggingar hótelsins í lok maí. Stefnt er að opnun sjúklingahótelsins á vordögum 2017 og verður það fyrsta byggingin sem tekin er í notkun af fyrirhugðum nýbyggingum. Sjúklingahóтелиð verður um 4.000 m² bygging með 75 herbergjum.

Meðferðarkjarni

Meðferðarkjarninn er 58.000 m² og verður hjartað í starfsemi Landspítala með sameinaðri bráðamóttöku, myndgreiningu, skurðstofum, gjörgæslu og legudeildum. Fæðingardeild og barnaspítalinn verða í næsta húsi tengd með brú og undirgöngum.

Stefnt er að útboði fullnaðarhönnunar meðferðarkjarnans í apríl 2015, að útboð verklegra framkvæmda verði á árinu 2018 og að meðferðarkjarninn verði tekinn í notkun á árinu 2023. Starfsmenn Landspítala hafa þegar hafið undirbúning að hönnunarstarfinu sem hefst að fullu haustið 2015. Frá því í mars hafa notendahópar unnið að rýni teikninga með Lean aðferðarfræðinni og notið til þess leiðsagnar ráðgjafa frá Virgina Mason sjúkrahúsinu í Bandaríkjunum.

Við erum framarlega í vísindastarfi

- ★ Erla Björnsdóttir er ungur vísindamaður Landspítala 2014. Hún hefur stundað rannsóknir á langvarandi svefnleysi og kæfisvefni.
- ★ Erla Kolbrún Svavarsdóttir er heiðursvísindamaður Landspítala 2014. Hún hefur í rannsóknum sínum kannað þrautseigju, seiglu, bjargráð, heilsutengd lífsgæði, vellíðan, aðlögunarleiðir og aðlögun fjölskyldumeðlima sem eru að fást við langvinna sjúkdóma.
- ★ Árlega eru veittir úr Vísindasjóði Landspítala vorstyrkir, hvatningarstyrkir og styrkir til ungra starfsmanna, samtals yfir 60 milljónir króna.
- ★ Vísindamenn á Landspítala eru virkir og virtir í innlendu og alþjóðlegu vísindastarfi og afla þannig verulegra fjármuna til rannsóknarstarfsemi hér á landi.

Við gleðjumst yfir viðurkenningu

- ★ Landspítali hampar nýsköpunarverðlaunum í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2014 fyrir verkefnið „Rauntíma árangursvísar á bráðadeild“ sem var liður í umbótum á bráðamóttökunni í Fossvogi.
- ★ Margir starfsmenn á spítalanum hafa með verkum sínum náð frama á alþjóðavettvangi. Til dæmis var Runólfur Pálsson kjörinn framtíðarformaður Evrópusamtaka lyflækninga á fundi þeirra í Eistlandi í september 2014.
- ★ Læknanemar verðlauna á hverju ári þann sem þeim finnst standa best að kennslu þeirra. Landspítali er háskólasjúkrahús og kennslustofnun þar sem vel á annað þúsund nemenda njóta fræðslu og starfsreynslu ár hvert. Kennsla er því ríkur þáttur í starfseminni. Feðginin og smitsjúkdómalæknarnir Sigurður Guðmundsson og Bryndís Sigurðardóttir deildu með sér kennsluverðlaunum árið 2014 eftir að hafa orðið jöfn í atkvæðagreiðslu meðal læknanemanna.



Svona og þarna verður sjúkrahóтелиð. Það tengist kvinnadeildabyggingunni. Innkeyrslan að spítalanum færir.

Tölvumynd: KOAN. Teikning á loftmynd: SPITAL.

ÁRIÐ 2014

Verfallsaðgerðir Læknafélags Íslands og Skurðlæknafélags Íslands höfðu mikil áhrif á starfsemi Landspítala síðustu tvo mánuði ársins 2014 og fram yfir áramót. Fresta þurfti ríflega 700 skurðaðgerðum, 100 hjartaþræðingum, 800 myndgreiningarrannsóknnum og tæplega 3.000 dag- og göngudeildarkomum.

Mikið álag var á bráðamóttökum, gjörgæslum og legudeildum spítalans í byrjun árs og spítalinn yfirfullur flesta daga. Við því var brugðist með ýmsum aðgerðum, samstilltu átaki starfsfólks og góðri samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir. Þetta mikla álag er orðin viðtekin venja yfir vetrartímann. En það var einnig óvenjumikið álag á spítalanum um sumarið, til dæmis á bráðadeild, hjartadeild og vökudeild.

Viðtækur undirbúningur í tengslum við eðlufaraldur í Vestur-Afríku hófst í júlí ef svo færi að spítalinn þyrfti að taka á móti einstaklingi með hugsanlegt eðlúsmit. Sett var saman 35 manna viðbragðsteymi, gerð ítarleg viðbragðsáætlun, nauðsynlegs búnaðar aflað og staðið fyrir umfangsmikilli fræðslu innan spítalans og utan. Starfsfólk var þjálfað í notkun hlífðarbúnaðar og móttöku og meðferð sjúklings.

Unnið var að uppbyggingu lyflækningasviðs eftir tíðar fregnir af vandamálum þess vegna lélegar mönnunar unglækna, álags, landflóta og skorts á nýliðun sérfræðilækna. Gripið var til aðgerða í skipulagi sem hafa skilað árangri en áfram hefur verið unnið að umbótum á sviðinu, meðal annars í því að bæta mönnun heilbrigðisstétta, efla nýliðun og styrkja framhaldsmenntun unglækna.

Nýr búnaður var settur upp á rannsóknarkjarna í K-byggingu við Hringbraut í kjölfar samnings rannsóknarsviðs um kaup á tækjabúnaði, hvarfefnum og rekstrarvöru. Samningurinn náði einnig til sjálfvirkis tækjabúnaðar fyrir forgreiningarfasa á sjúklingasýnum sem koma til rannsókna (skránning og skilvindur), færirbanda milli rannsóknartækja og eftirgreiningarfasa sýna (sjálfvirk kæligeymsla og uppskipting sýna).

Reglubundið stöðumat er í innleiðingu á Landspítala. Með því er leitast við að setja öryggi í forgang, styðja starfsfólk, auka snerpu í viðbrögðum og ná betri sýn yfir daglegan rekstur. Tilgangurinn er að tryggja öryggi sjúklunga, starfsmanna og samfélagsins sem grundvöll þjónustu Landspítala.

Línuhraðall til geislameðferðar krabbameina var formlega tekinn í notkun 21. maí en hann leysti af hólmi gamalt tæki sem svaraði ekki lengur nútímakröfum. Gjafir Þjóðkirkjunnar, Bláa naglans og fjölda annarra gerðu kleift að ráðast í kaupun.

Nýtt hjartaþræðingartæki var tekið í notkun 21. mars en það kom í stað 16 ára þræðingar-tækis sem var orðið brýnt að endurnýja. Styrkur frá Gjafa- og styrktarsjóði Jónínu S. Gísladóttur átti stóran þátt í því að hægt var að kaupa tækið. Sjúklingasamtökin Hjartaheill, sem og Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, stóðu fyrir landssöfnun vegna kaupanna.

Kaup voru tryggð á þjarka til skurðaðgerða á Landspítala með 25 milljóna framlagi Pokasjóðs til kaupanna. Þar með höfðu 110 milljónir króna safnast en samkomulag var milli Söfnunarsjóðs um aðgerðarþjarka og Landspítala að sjóðurinn fjármagnaði allt að helmingi kaupverðs þjarkans, spítalinn hinn helminginn.

Sérhæfð 10 rúma bráðageðdeild 32C, geðgjör-gæsla fyrir fólk með alvarleg geðræn veikindi, var formlega tekin í notkun í geðdeildabyggingu Landspítala 30. maí. Bráðageðdeild annast móttöku, greiningu og meðferð bráðveikra einstaklinga sem vegna veikinda sinna eru taldir hættulegir sjálfum sér, umhverfi sínu eða öðrum. Erlendir sérfræðingar veittu ráðgjöf um starfseminu og þjálfuðu starfsfólk. Velferðarráðuneytið styrkti verkefnið en mest munaði um 40 milljónir króna sem söfnuðust árið 2013 í áttinu Á allra vörum.

Um 100 gömlum sjúkrarúmum á deildum Landspítala var skipt út fyrir önnur ný, þar af eru tvö gjörgæslurúm og tvö rúm fyrir of þunga. Minningargjafasjóður Landspítala gaf nýju rúmin sem kostuðu 55 milljónir króna. Rúmin eru rafknúin, mikið stillanleg, örugg og fullkomin. Þau koma sjúklingum sem þurfa að vera í þeim vel en einnig starfsfólki sem vinnur við þau.

Hringurinn gaf Barnaspítala Hringins 110 milljónir króna á afmælisdegi sínum 26. janúar, eina milljón fyrir hvert ár í sögu félagsins. Fénu var skipt til ýmissa verkefna. Stærstur hluti gjafafjárins var notaður til kaupa á tækjabúnaði og til að bæta aðstöðu á barnaspítalanum og á barna- og unglingageðdeild, BUGL, meðal annars með endurnýjun hluta sjúkrarúma.

Spítalinn okkar - landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala voru stofnuð 9. apríl. Stofnfélagar voru rúmlega 300 manns, áhrifafólk um allt land. Samtökin hafa unnið að markmiðum sínum að afla stuðnings meðal almennings og stjórnvalda við nauðsynlegar úrbætur á húsakosti spítalans, meðal annars með kynningum í Hofi á Akureyri og í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar.

Ný gámabyggð fyrir skrifstofur byrjaði að rísa við Landspítala Hringbraut til að rýma fyrir mikilvægri klíniskri starfsemi. Þannig verður hægt að bæta göngudeildþjónustu og fjölga legurýmum.

Verkefnið „Rauntímaárangursvísar á bráðadeild“, sem er á bráðamóttökunni í Fossvogi, fékk verðlaun fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu. Stjórnunarverðlaun Stjórnvísar 2014 fékk Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri bráðasviðs. „Stjórnandinn er óskoraður leiðtogi, mjög hvetjandi yfirmaður og sýnir samstarfsfólki mikið traust og frelsi,“ var meðal þess sem kom fram í dómnefndaráli.

Ábæklunarskurðdeild var tekinn í notkun C-bogi til aðgerða á útlímabrotum sem keyptur var fyrir fé sem safnaðist í Wow Cyclothon hjólareiða-keppni kringum Ísland. Um 15 milljónir söfnuðust.

Fjórir sérfræðingar í sjúkrapjálfun voru ráðnir á Landspítala. Það er í fyrsta skipti sem ráðnir eru sérfræðingar í sjúkrapjálfun á spítalanum.

Alpjóðaförseti Lions, Joe Preston, heimsótti BUGL 15. október ásamt félögum í Lions-klúbbnum Fjörgyn. Hann var á landinu vegna Alþjóðlegs sjónverndardags Lions 2014 sem Lions á Íslandi var falið að halda 14. október. Þann dag færði Lionsshreyfingin Landspítala stórgjöf í tækjabúnaði til augnlækninga.

Velferðarsjóður barna færði Rjóðri, hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik og fötlud börn, 1,5 milljónir króna á 10 ára afmæli þess 20. mars til breytinga á húsnæðinu í Kópavogi. Fjölmenni var á hátíð í Rjóðri á afmælisdaginn. Góðgerðarfélag flugfreyja og flugþjóna, Svölurnar, varð 40 ára á árinu og styrkti Rjóður af því tilefni um 1 milljón króna.

Afmælum var fagnað víðar. Opíð hús var á vöknun 12A á 40 ára afmæli gjörgæsludeildar við Hringbraut 11. október. Líknaðeildin í Kópavogi varð 15 ára en fyrsti sjúklingurinn lagðist þar inn 16. apríl 1999.

Nýr ytri vefur Landspítala (www.landspitali.is) var opnaður 3. júní með breyttu útliti og skipulagi. Hópur starfsmanna á spítalanum undirbjó uppfærsluna. Markmið vefsins er að veita sem gleggstar upplýsingar um þjónustu við sjúklinga og aðstandendur, stöðþjónustu og kennslu-, fræðslu- og vísindastarf sjúkrahússins.

Páll Matthíasson var skipaður forstjóri Landspítala til 5 ára frá 1. apríl 2014. Lögskipuð nefnd taldi hann hæfastan fjögurra umsækjenda um stöðuna.

Skipuriti klínískra sviða var breytt og ráðið í framkvæmdastjórnastöður til 5 ára frá 1. september: Alma D. Möller, aðgerðasvið; Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, flæðisvið; Hlíf Steingrímsdóttir, lyflækningasvið; Jón Hilmar Friðriksson, kvenna- og barnasvið; Lilja Stefánsdóttir, skurðlækningasvið; María Einisdóttir, geðsvið; Óskar Reykdalsson, rannsóknarsvið.

Lykiltölur Landspítala

	2014	2013	Breyting
Klínísk þjónusta			
Fjöldi einstaklinga sem leitaði til LSH ¹⁾	107.766	107.056	0,7%
Fjöldi koma á allar bráðamóttökur	98.344	97.633	0,7%
Komur á göngudeildir	226.382	235.858	-4,0%
Komur á dagdeildir	79.114	77.811	1,7%
Meðalfjöldi inniliggjandi sjúklinga	602	590	2,1%
Fjöldi lega, sérgreinar	26.270	26.753	-1,8%
Fjöldi legudaga, sérgreinar	219.821	215.357	2,1%
Meðallengd sjúkrahúslegu, legur styttri en 6 mánuðir ²⁾	7,5	7,3	2,7%
Skurðaðgerðir (án inndælinga lyfs í auga)	12.954	13.688	-5,4%
Fæðingar	3.165	3.229	-2,0%
Rannsóknir á rannsóknarsviði	1.964.669	1.921.338	2,3%

Öruggur spítali

Skráð atvik sjúklinga	2.957	2.982	-0,8%
Skráð atvik starfsmanna	985	964	2,2%

Starfsmenn

Meðalfjöldi stöðugilda starfsmanna ³⁾	3.752	3.667	2,3%
Fjöldi starfsmanna í upphafi árs	4.875	4.864	0,2%
Starfsmannavelta	10,4%	11,1%	-6,1%
Veikindahlutfall ⁴⁾	6,4%	6,8%	-5,2%

Rekstrartölur ⁵⁾ á verðlagi ársins 2014

Rekstrargjöld	46.886	45.643	2,7%
Launagjöld	34.720	33.820	2,7%
Lyfjakostnaður	1.672	1.601	4,4%

1) Þetta eru einstaklingar sem margir hverjir komu oft á spítalann en hver einstaklingur er hér einungis talinn einu sinni. 2) Hér er fyrir bæði árin birtur raunmeðallegutími þeirra sjúklinga sem hafa útskrifast frá áramótum, talið frá innskriftardegi til útskriftardags, án útlaga (m.v. legulengdina 6 mán). Langlegusjúklingar hafa í gegnum tíðina haft nokkur áhrif til hækkunar á meðallegutíma á spítalanum. Þar sem meginþorri lega er styttri en 6 mánuðir er meðallegutími þess hóps birtur hér. 3) Greidd stöðugildi starfsmanna LSH, án barnsburðarleyfa, foreldraorlofs og launalausra leyfa. 4) Öll veikindi starfsmanna, með eða án launa. 5) Krónutölur eru í milljónum og án fjármagnsliða og stofnkostnaðar.

DAÐUR Á LANDSPÍTALA

- Á dag- og göngudeildir koma 1.300 sjúklingar
- Á legudeildum liggja 660 sjúklingar
- Gerðar eru 5.400 rannsóknir á rannsóknarsviði
- Sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar veita 540 meðferðir
- Á bráðamóttökur koma 300 sjúklingar
- 80 nýir sjúklingar leggjast inn á legudeildir
- 55 sjúklingar fara í skurðaðgerð
- Á bráðamóttöku Barnspítala Hringins koma 40 börn
- Á Hjartagátt koma 25 bráðveikir sjúklingar
- Á göngudeildir og bráðamóttöku geðsviðs koma 150 sjúklingar
- 30 sjúklingar koma á skilunardeild
- 9 börn fæðast
- 7 sjúklingar fara í hjartaþræðingu
- Á gjörgæslu eru 12 sjúklingar
- Til Blóðbankans koma 9 nýir blóðgjafar
- Í vinnu eru um 3.700 starfsmenn
- 3,4 tonn af úrgangi falla til
- Rafmagnsnotkun er á við 4.000 heimili
- Símvaver svarar 2.300 símhringingum
- Þjónustuborð heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar fær um 230 beiðnir vegna aðgangs að tölvukerfum